

Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla, Fundur 4 – 4.2.2013

Mættir: Ingibjörg, Nikulás, Vilborg, Snædís og Valerie

1. Fræðslumál, staðan:

- Blátt áfram: 2. – Brúðuleikhús (frítt fyrir alla 2. bekki)
- 7. og 8. bekkur lífsleikni sem foreldrafélagið borgar.
- Búið að panta og væntanlegt í febrúar/mars, Margrét deildarstjóri sér um að finna tímasetningu sem hentar.
- Marita fræðsla fyrir 6. og 7. bekk er búin og var borguð af foreldrafélaginu.
- Skólinn pantaði svo Marita fræðslu fyrir fleiri bekki: 5. bekkur (frítt), 8-10. Bekkur voru borgaðir af skólanum, var sérstök ástæða fyrir þessu? Kanna
- Fjármálafræðsla fyrir 10. bekk, Daði frá fjármálaskólanum heldur klukkutíma fræðslu og svo er hálf tími fyrir spurningar. Árgangar eru saman. Fræðslan er pöntuð og borguð af foreldrafélaginu og verður í apríl/maí í samráði við Margréti deildastjóra.

Reikningsstaða er góð – 290.000 kr. Það verður notað í:

- Fræðslu ca. 115.000 kr
- Vorhátíð ca. 100.000 kr
- 5000 kr / bekk fyrir bekkjarskemmtun/kaffihúsakvöld – eftir að athuga hvað það er mikið í heild.
- Afgangur, tillögur hvað að gera:

Gjöf til Öldunnar, nefnd við Kristján, en alment óánægu yfir hversu lítið skipulag er á dagskrá Öldunnar.

Gjöf til skólans.

Tillaga er að hækka árgjald í 1.500 kr / fjölskylda fyrir 2013/14, þar sem foreldrafélag Öldutúnsskóla er með læsta árgjaldið, önnur foreldrafélög Hfn eru 2000-3000 kr/ári. Verður ákveðið á næsta aðalfundi foreldrafélagsins.

2. Foreldrarölt

samantekt: gengur almennt betur en leit út fyrst, oft rölt þó að það er ekki skrifuð skýrsla. Orðið „skýrsla“ er kanski að flækjast fyrir fólki, væri gott að búa til PDF sem þyrfti að fylla út á netinu til að einfaldra þetta.

3. Annað:

Rætt var um munntóbaks- og hassnotkun unglunga, sú notkun hefur aukist mikið, en minna um að unglingar reykja.